

Matvæla og þjónustudeild, skýrsla á aðalfundi 2025

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið tveir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 8. febrúar í fyrra.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. starfið innan deildarinnar, samninganefnd og samningamál, starf félagsins, þing og ársfundi, stöðuna á vinumarkaði, trúnaðarráð félagsins, trúnaðarmenn og margt fleira.

Á starfsárinu var skrifað undir nýjan langtímasamning við Samtök atvinnulífsins sem gildir til 31. janúar 2028. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun þann 1. janúar sl. Kauptaxtar hækkuðu þá um 5,6% en að lágmarki um kr. 23.750. Laun þeirra sem ekki eru á taxtalaunum, heldur almennum mánaðarlaunum, hækkuðu um 3,5% en þó að lágmarki um kr. 23.750. Þá hækkuðu kjaratengdir liðir sammingsins um 3,5% frá sömu dagsetningu.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með að umsamdar launahækkanir hafi skili sér inn á launareikninga og birst með réttum hætti á launaseðli janúarmánaðar.

Í þessum samningi var samið um nýjan ræstingarauka og einnig voru orlofsréttindi félagsfólks aukin og mun það gerast í tveimur þrepum.

Varðandi breytingu orlofsréttinda þá breyttist frá og með 1. maí í fyrra ávinnsla orlofs sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí í ár.

- Lágmarksorlof er ennþá 24 dagar eða 10,17% en nú er talað um lágmarksorlof byrjenda.
- Starfsmaður sem náð hefur 22 ára aldri og starfað hefur í 6 mánuði í sama fyrirtæki skal eiga rétt á orlofi í 25 daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Þetta er nýtt.
- Starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki á nú rétt á orlofi í 26 virka daga í stað 25 áður og orlofslaunum sem nema 11,11%.

Frá og með 1. maí 2025 breytist ávinnsla orlofs sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026.

- Þá mun breytast að starfsmaður sem unnið hefur í 5 ár í sama fyrirtæki mun þá eiga rétt á orlofi í 28 virka daga í stað 26 áður og orlofslaunum sem nema 12,07% í stað 11,11 áður.

Regla um starfsmenn sem starfað hafa í sama fyrirtæki í 10 ár gildir áfram. Viðkomandi starfsmaður á þá 30 daga orlofsrétt og 13,04% orlofslaun.

Félagið hefur orðið vart við að launagreiðendur eru ekki allir að átta sig á þessari breytingu og hvetjum við þá félagsmenn sem starfa á almenna markaðinum að

skoða vel launaseðilinn sinn. Ef orlofsprósentan er ekki rétt þá skuluð þið tala við ykkar yfirmann eða heyra í félaginu.

Og þá aðeins um nýja ræstingaraukann en hann tók gildi í byrjun ágúst 2024. Þetta þýðir að ræstingarfólk sem starfar á almenna markaðinum átti í fyrsta sinn að fá sérstaka viðbótargreiðslu með launum fyrir ágúst og svo mánaðarlega eftir það. Ræstingaraukinn reiknast í hlutfalli við starfshlutfall, en fyrir fullt starf er hann 19.500 kr. á mánuði. Hafa ber í huga að ræstingaraukinn er ekki hluti af grunnlaunum og myndar þar af leiðandi ekki stofn fyrir yfirvinnu og aðrar álagsgreiðslur. Í reiknivél á heimasíðu SGS getið þið séð hvernig ræstingaraukinn sem og aðrar kjarasamningsbundar hækkningar í kjarasamningnum líta út miðað við ykkar forsendur.

Við hvetjum félagsmenn sem starfa við ræstingar á almenna markaðinum til að skoða vel launaseðilinn til að tryggja að þessi ræstingaruppbót skili sér. Upphæðin á að birtast sem sérstök lína á launaseðli og ætti því að vera auðvelt fyrir ykkur að sannreyna að hafa fengið hann greiddan.

Eins og þið fengið kynningu á áðan þá tók félagið nýlega í notkun nýtt og betra félaga- og orlofskerfi og nýjar Mínar síður. Ég hvet alla til að fara inn á Mínar síður, skoða þær og uppfæra ef þarf upplýsingar eins og símanúmer, netfang og bankaupplýsingar.

Á heimasíðu félagsins má finna góðar leiðbeiningar fyrir helstu aðgerðir inni á Mínum síðum félagsins.

Aðeins varðandi trúnaðarmannanámskeiðin en snemma á síðasta ári urðu breytingar á skipulagi þeirra og svo aftur núna um áramótin.

- Á næstunni verða fjögur eins dags námskeið kennd í staðnámi.
- Ákveðið var að bjóða upp á mun fleiri námskeið í fjarnámi en áður, bæði fyrir og eftir hádegi. Sama námskeiðið er keyrt nokkrum sinnum, milli kl. 9 og 12 eða milli kl. 13 og 16.
- Nokkur styttri fjarnámskeið eru líka í boði sem eru einungis 1 klst. að lengd.
- Einnig er boðið upp á fjölda námskeiða í vefnámi, þau eru s.s. opin í einhvern x tíma.

Ég hvet alla trúnaðarmenn hér inni til að kíkja á heimasíðu félagsins og skoða þau fjölmörgu námskeið sem eru í boði á vorönn.

Talandi um námskeið þá er líka vert að minnast á námskeið sem í boði eru hjá SÍMEY, en okkar félagsmenn geta farið þar á fjölmörg námskeið sér að kostnaðarlausu.

Ég bendi öllum áhugasömum að kíkja inn á heimasíðu SÍMEY til að sjá hvað er í boði.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Tryggva varaformann félagsins.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun eins og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að enn og aftur er mikil ánægja með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Niðurstöðu könnunarinnar má finna á heimasíðu félagsins.

Í boði verða tvær ferðir hjá félaginu í ár. Á fundi ferðanefndar félagsins var ákveðið að breyta aðeins til og bjóða upp á utanlandsferð annað hvort ár og verður næsta utanlandsferð í boði á næsta ári. Jafnframt var ákveðið að það ár sem ekki verður boðið upp á utanlandsferð að þá verði boðið upp á veglegri Fjallaferð. Hin árlega eins dags ferð fyrir aldraða Einingar-Iðjufélaga verður farin þriðjudaginn 24. Júní.

Í Fjallaferð ársins verður farið um Austurland dagana 21. og 22. ágúst. Nánari upplýsingar um ferðirnar má finna á heimasíðu félagsins.

Allar upplýsingar um orlofskosti sumarsins verða aðgengilegar á heimasíðu félagsins í byrjun mars. Áfram verður gott úrval sumarhúsa í boði og Orlof að eigin vali verður áfram í boði. Styrkurinn í ár verður 28.000 kr. og verða í boði 300 styrkir eins og áður. Sækja þarf um orlofshúsin og styrkinn í gegnum Mínar síður félagsins og verður umsóknarfrestur auglýstur síðar.

Ef einhver þarf á aðstoð að halda við að sækja um orlofshús eða Orlof að eigin vali þá er hægt að mæta á skrifstofurnar og fá aðstoð við það að sækja um.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, ein.is, þar sem m.a. má nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Ég minni líka á síðu félagsins á Facebook þar sem við setjum inn alls konar kynningarefni.

Aðeins varðandi þing og ársfundi þá átti félagið fulltrúa á nokkrum slíkum á starfsárinu, t.d. á ársfundi Stapa, þingi AN og þingi ASÍ. Félagið átti rétt á að senda 41 fulltrúa á ársfund Stapa sem haldinn var í maí, 47 félagsmenn höfðu rétt á að sitja 38. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal í október og á 46. þingi ASÍ sem fram fór í október átti félagið 10 fulltrúa. Fjölmarginir fulltrúar á þessum viðburðum komu úr deildinni okkar.

Svona áður en við förum að snúa okkur að stjórn deildarinnar og kosningum þá langar mig að minna á að á skrifstofu félagsins á Akureyri eru fjórir ráðgjafar hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði með aðstöðu.

Tvær þeirra eru með fastar viðverur á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð einu sinni í viku.

Fyrir þá sem ekki vita þá er þjónusta VIRK fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Ef þið viljið fá nánari upplýsingar um VIRK þá má t.d. nálgast þær á heimasíðu félagsins.

Svona alveg í lokin þá verð ég að minnast á SVEIT, samtök fyrirtækja á veitingamarkaði og gervistéttarfélagið Virðingu sem stofnað var af fyrirtækjaeigendum og kjarasamning þeirra á milli. Ekki nóg með að stofnfélagar og stjórnarmenn í Virðingu eru starfandi veitingamenn eða fólk með nán vensl við veitingamenn, og fólk nátengt inn í stjórn SVEIT, heldur inniheldur þessi kjarasamningur mun verri kjör fyrir starfsfólk og er með fjölmörg ákvæði sem brjóta gegn íslenskum lögum og Evrópureglugerðum.

Eining-Iðja, Efling og fleiri hafa birt ítarlega samanburði á þessum gervikjarasamningi og samningi sem í gildi er við Samtök atvinnulífsins. Þennan samanburð finnið þið t.d. inn á heimasíðu Einingar-Iðju.

Ef einhver hér inni hefur fengið þau boð frá sínum atvinnurekanda að það eigi að starfa undir kjarasamningi Virðingar við atvinnurekendafélagið SVEIT þá bið ég viðkomandi að hafa strax samband við félagið. Það sama gildir auðvitað ef búið er að setja ykkur undir nýja samning án þess að fá neitt um það ráðið.

Ég vil þakka Sigríði og Júlíu sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil þakka stjórninni fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á starfsárinu. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkyrningu og þá ekki síst Tryggva Jóhannssyni, starfsmanni deildarinnar.

Takk fyrir.